

## Umsókn um leyfi til tímabundinnar framleigu á búseturéttaríbúð

Nafn: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Íbúð: \_\_\_\_\_

Ástæða  
umsóknar: \_\_\_\_\_

Umboðsmaður nafn/sími/netfang. \_\_\_\_\_

### Reglur um útleigu á íbúðum Búseta: (samþ. 5.9.95, endurskoðaðar 15.9.22)

1. gr. Ekki er heimilt að leigja út íbúðir nema með samþykki Búseta hsf. Ágreiningsmálum skal vísað til stjórnar. Framleiga er aðeins heimil ef um brýna nauðsyn er að ræða s.s. vegna náms erlendis eða vegna tímabundinna starfa annars staðar, utan höfuðborgarsvæðisins eða í u.þ.b. einnar klst. akstursfjarlægð frá því (sjá 8. gr. búsetusamningsins)
2. gr. Búseturéttarhafi verður að vera í skilum með búsetugjald sitt og útleigan er aðeins heimiluð í eitt ár í senn.
3. gr. Búseturéttarhafi ber alla ábyrgð á íbúðinni á leigutíma og vanskilum.
4. gr. Leigutaki skal ætíð vera félagsmaður í Búseta og undir tekju- og eignamörkum ef hann er að leigja slíka íbúð.
5. gr. Lágmarksleigutími er 6 mánuðir og hámarksleigutími er 5 ár í allt.
6. gr. Búseti hsf. skal árita samþykki sitt á leigusamning.
7. gr. Samningsupphæð leigusamnings má ekki vera hærrí en sem nemur fjárhæð búsetugjalds. Við samningsupphæð má þó bæta sanngjörnu álagi vegna fjármagnskostnaðar búseturéttar, þó aldrei hærra en sem nemur lágstu óverðtryggðu skuldabréfavöxtum Seðlabankans auk álags. Stjórn endurskoðar álagið árlega. Álagið nú er 2% skv. verðskrá.
8. gr. Brot á reglum um útleigu varðar brottrekstri úr félaginu og riftun búsetusamnings.

### Aðrar upplýsingar vegna útleigu:

Búseturéttarhafi greiðir þóknun vegna umsýslu kr. 15.000.-

Búsetugjaldið verður áfram innheimt á nafni búseturéttarhafa.

Lagt er til að búseturéttarhafi fari fram á vottorð um stöðu leigjanda frá Creditinfo.

Einnig er mælt með að búseturéttarhafi óski eftir einhverskonar tryggingu fyrir leigunni.

Eftirfarandi fyrirvari skal settur inn í leigusamninginn: „**Samningur þessi tekur fyrst gildi með staðfestingu Búseta hsf**“ í lið 13 ef samningur er gerður í gegnum Myigloo annars á öftustu síðu samnings.

Búseti hsf. hefur rétt á að hafna leigjanda (t.d. vegna vanskilasögu á CI, fyrri samskipta ofl.)

### Fylgigögn með umsókn:

- Staðfesting á breyttum aðstæðum réttarhafa - t.d. skólavottorð, atvinnuvottorð o.s.frv.
- Skattskýrslur leigjanda síðustu 3ja ára eða skólavottorð ef íbúð er á lánum með tekjumarki
- Upplýsingar um umboðsmann leigusala ef við á
- Upplýsingar um væntanlegan leigjanda áður en samningur er gerður
- Staðfesting á að leigjandi sé félagsmaður (sjá félagatal/kvittun)

Dags.

Undirritaður staðfestir að hafa lesið ofangreindar reglur og umsókn þessa

Samþykkt á stjórnarfundi þann: \_\_\_\_\_ Starfsmaður Búseta: \_\_\_\_\_